

Mánudaginn 27. október 1980.

Nr. 30/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Bergþóri Guðjónssyni

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Benedikt Sigurjónsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Eggert Óskarsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal endurrit framhaldsprófa. Kom A fyrir sakadóm Rangárvallasýslu hinn 18. þ. m. til frekari skýrslugjafar. Er bókað í þingbók, að hún hafi að eigin ósk komið fyrir dómara og vilji nú breyta fyrri framburði sínum, sem hún hafi gefið fyrir dómi í máli þessu, draga hann til baka og skýra rétt og satt frá málsatvikum öllum. Ber hún, að ákærði hafi ekið bifreiðinni L 1708 aðfaranótt sunnudagsins 28. maí 1977 frá mótssvæði á Þjórsárbakka austur Suðurlandsveg og að Grillskálanum við Hellu. Þau hafi verið tvö í bifreiðinni og hún setið við hlið hans. B, bróðir ákærða, hafi ekki verið með þeim og frásögnin um, að hann hafi ekið bifreiðinni, sé uppsuni einn. Sagði hún skýrslu þá, er hún gaf fyrir rannsóknarlögreglunni í Reykjavík hinn 28. maí 1977 við frumrannsókn málsins, vera í einu og öllu sannleikanum samkvæma. Hún kvaðst hafa skýrt rangt frá málsatvikum til þess að hjálpa ákærða og af frumkvæði hans, enda talið „það vera í lagi á sínum tíma“. Hún sjái nú, að þetta hafi verið rangt, og þess vegna óski hún að skýra satt og rétt frá málavöxtum.

Af tilefni þessa framburðar A var ákærði kvaddur fyrir sakadóm Rangárvallasýslu hinn 20. þ. m. og kynntur fram-

burður hennar. Lýsti hann yfir því, að hann héldi fast við fyrri framburð sinn og hefði þar engu við að bæta.

Ákærði hefur borið, að hann hafi um eða upp úr miðnætti föstudagskvöldið 27. maí 1977 drukkið áfengisblöndu á skemmtun á Þjósárbakka við bæinn Þjótanda, „ca 1 fl. af áfengisblöndu, þ. e. litla flösku af Coca-Cola“.

Laugardaginn 28. maí 1977 viðurkenndi ákærði fyrir rannsóknarlögreglu að hafa ekið bifreiðinni L 1708 aðfaranótt þess dags frá Þjótanda að Hellu á Rangárvöllum. Hann hafi við bæinn Lyngás séð lögreglumann gefa sér stöðvunarmerki, en ekki sinnt því og ekið bifreiðinni þaðan og að Hellu með 80—90 km hraða miðað við klukkustund og þá vitað, að lögreglumenn veittu honum eftirför.

Lögreglumaðurinn Jón Helgi Birkir Snorrason, er gaf stöðvunarmerkið, kveðst öruggur um, að það hafi verið ákærði, sem ók bifreiðinni, en ekki bróðir hans B. Hann þekkti ákærða mjög vel í sjón, enda aldir upp á svipuðum slóðum, og eins þekkti hann B, bróður hans.

Þá fullyrða þeir lögreglumennirnir Jón Helgi Birkir og Þorgrímur Guðmundsson, sem veittu ákærða eftirförina og handtóku hann, að einungis tvær manneskjur hafi verið í bifreiðinni L 1708 og aðeins einn maður stokkið út úr henni við Hellu.

Með framburðum lögreglumannanna tveggja og með hliðsjón af framburði A fyrir rannsóknarlögreglu og fyrir sakadómi 18. þ. m. svo og þegar litið er til játningar ákærða sjálfs fyrir rannsóknarlögreglu, eru fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því, að hann hafi ekið bifreiðinni L 1708 í umrætt sinn, en í blóðsýni úr honum reyndist alkóhólmagn vera 0.82‰. Afturköllun ákærða á framburði sínum fyrir rannsóknarlögreglu og framburður bróður hans, B, breyta hér engu um.

Varðar þetta atferli ákærða við 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

Þá er sannað með játningu ákærða og framburðum lögreglumannanna tveggja svo og A, að ákærði sinnti engu stöðvunarmerki lögreglumanns og ók bifreiðinni með ólög-

legum hraða, þótt eigi verði með vissu fullyrt, hve mikill hraðinn var, en að þessu atriði er vikið í héraðsdómi.

Varða þessi brot ákærða við 3. mgr. 38. gr. og 2. mgr. 50. gr. umferðarlaga.

Refsingu ákærða ber að ákvarða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, en 5. gr. laga nr. 52/1978 verður eigi beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykir refsing hans, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga, hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Brot ákærða er ítrekað, sbr. dómssátt 30. apríl 1976, er greinir í sakavottorði hans. Samkvæmt 1., 2. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá 10. ágúst 1977, en þann dag var ákærða birt ákvörðun um, að hann væri sviptur ökuleyfi til bráðabirgða.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 200.000 krónur.

Átelja verður, að óhæfilegur dráttur hefur orðið á rekstri máls þessa.

Í þinghaldi í sakadómi Rangárvallasýslu 9. september 1977 er svofelld bókun, undirrituð af skipuðum réttargæslumanni ákærða, Jóni E. Ragnarssyni hæstaréttarlögmanni, og ákærða sjálfum:

„Verjandinn vill taka það fram, þrátt fyrir skilmerkilega bókun á framburði kærða, sé það augljóst, að fyrri framburðir hans séu þvingaðir fram með ólögsmætum hætti“.

Engum stoðum hefur verið rennt undir fullyrðingu þessa, sem er ósæmandi. Ber að víta hæstaréttarlögmanninn harðlega fyrir hana.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bergþór Guðjónsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt frá 10. ágúst 1977 að telja.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, 200.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Rangárvallasýslu 16. febrúar 1979.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 26. janúar sl., er höfðað fyrir sakadómi Rangárvallasýslu með ákæru, dags. 19. október 1978, á hendur Bergþóri Guðjónssyni, Rauðuskriðum í Fljótshlíðarhreppi, fæddum 23. október 1956 að Hólum í Biskupstungum, fyrir að aka aðfaranótt sunnudagsins 28. maí 1977 undir áhrifum áfengis bifreiðinni L 1708 frá mótssvæði við bæinn Þjótanda við Þjórsá, austur þjóðveginn og án þess að nema staðar við bæinn Lyngás, þegar lögreglumenn gáfu honum merki um það, síðan áfram austur þjóðveginn með allt að 120 km hraða, allt þar til ákærði linnti akstrinum við Grillskálann á Hellu.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 3. mgr. 38. gr., 2. mgr. 50. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuiefissviptingar samkvæm 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1976 30/7 í Rangárvallasýslu: Sátt, 20.000 kr. sekt fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.
Sviptur ökuleyfi í 6 mánuði frá 1. maí 1976.

Málsatvik.

Laugardaginn 28. maí 1977 voru tveir lögreglumenn í umferðar- eftirliti á vegagæslubifreið í Rangárvallasýslu. Um kl. 0300 voru þeir staddir og við vegagæslu á þjóðveginum milli Hellu á Rangárvöllum og Rauðalækjar í Holtahreppi. Veittu þeir þá athygli bif-

reið, er kom á móti þeim, þ. e. úr vesturátt. Annar lögreglumaðurinn fór út úr lögreglubifreiðinni og gaf öikumanni stöðvunarmerki með ljósakylfu, en hann sinnti því ekki og ók rakleitt áfram.

Í frumskýrslu málsins, sem skráð er af Jóni H. Snorrasyni, lögreglumanni nr. 204 í lögreglu Reykjavíkur, segir svo m. a.: „Undirritaður þekkti bílstjórann sem Bergþór Guðjónsson, Rauðuskriðum, Fljótshlíð, en bifreiðin, sem hann ók, er Saab, er ber skráningarnúmerin L-1708. Veittum við bifreiðinni eftirför, og sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar 120 km á klukkustund. Er bifreiðin L-1708 var komin að veitingaskálanum við Hellu, stöðvaði ökumaður bifreiðina snögglega og hljóp í átt að þorpinu, og var þar yfir vegleysur að fara. Undirritaður hóf eftirför og náði öikumanni inni í þorpinu. Við handtöku veitti hann mótspyrnu, og færði ég hann því í handjárn“.

Hinn handtekni reyndist vera ákærði í þessu máli, Bergþór Guðjónsson. Ákærði var færður til blóðtöku hjá héraðslækninum á Hellu, og varð að taka úr honum blóð gegn vilja hans. Var ákærði síðan fluttur til Reykjavíkur og þar fyrir varðstjóra umferðardeildar, en bifreið hans var tekin í vörslu lögreglunnar á Hvolsvelli. Fyrir varðstjóra kvaðst ákærði hafa smávegis áfengis neytt við bæinn Þjótanda í Árnessýslu. Hann kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni L 1708 tiltekið sinn, hann kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni og annar hefði ekið, en gaf ekki frekari skýringar á því, hver það hefði verið. Ákærði var síðan færður í fangaeymslu lögreglunnar í Reykjavík til geymslu.

Með ákærða í bifreiðinni L 1708 tiltekið sinn var stúlkan A. Hún sat í framsæti bifreiðarinnar farþegamegin, er lögreglan kom að bifreiðinni fyrir utan Grillskálann á Hellu. Í fyrstu neitaði hún að segja til nafns eða segja, hver hefði ekið bifreiðinni. En síðan lýsti hún því yfir, að hún hefði ekið bifreiðinni frá Þjótanda við Þjórásá, en ákærði, Bergþór Guðjónsson, hefði verið farþegi. Framburður stúlkunnar var þversagnakenndur, og hún virtist vera undir áhrifum áfengis. Var því tekið blóðsýni úr henni til alkóhólákvörðunar af héraðslækninum á Hellu og hún síðan flutt til Reykjavíkur. Aðspurð af varðstjóra kvaðst hún hafa ekið bifreiðinni L 1708, þegar lögreglubifreiðin hóf eftirför. Hélt hún fast við þann framburð sinn og vildi ekki tjá sig frekar um málið.

Samkvæmt ákvörðun varðstjóra var A flutt á upptökuheimilið í Kópavogi.

Ákærði var færður úr fangaeymslu lögreglunnar til yfir-

heyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík kl. 0945 28. maí 1977. Þar viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreið sinni, L 1708, tiltekið sinn, þegar lögreglan veitti bifreiðinni eftirför að Hellu. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Þjórsárbakka og með honum hefði verið í bifreiðinni stúlkan A. Ákærði kvaðst hafa drukkið ca 1 flösku af áfengisblöndu þar á staðnum. Ákærði kvaðst hafa verið á leið að Hellu. Er hann var kominn á móts við Lyngás, sem er skammt vestan við Hellu, kvaðst hann hafa séð lögreglubifreið, sem stóð á vegarkantinum, og skömmu áður en að henni var komið, kom lögreglumaður út á veginn og gaf ákærða stöðvunarmerki með því að rétta út rautt ljós. Í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni segir ákærði enn fremur: „Ég var á talsverðum hraða, og þar sem ég hafði neytt áfengis, tók ég þá ákvörðun að stöðva ekki bifreiðina, þrátt fyrir það að lögreglumaðurinn hafi gefið mér stöðvunarmerki. Ég ók því áfram til Hellu, og veitti lögreglubifreiðin mér eftirför. Ég ók bifreiðinni á 80 til 90 km hraða m. v. klst., og fylgdi lögreglubifreiðin á eftir, og þegar ég kom að Grillinu á Hellu, stoppaði ég bifreið mína og hljóp út úr henni. Lögreglubifreiðin var þá rétt á eftir mér, og tók ég það ráð að stoppa bifreiðina og hlaupa frá henni í þeirri von að komast þannig undan. Ég hljóp yfir bersvæði frá Grillinu og að húsum, sem eru þar skammt frá, og kom lögreglan á eftir mér og náði mér við Freyvang 20, en þar hef ég herbergi ásamt kunningja mínum“. Ákærði kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hann kvað það uppspuna hjá sér, sem hann hefði áður sagt lögreglunni, að farþegi, sem í bifreiðinni var, hefði ekið henni, hann kvaðst sjálfur hafa ekið bifreiðinni og enginn annar.

A var færð til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík sama dag kl. 1325. Hún greindi frá málsatvikum á sama hátt og ákærði hafði gert. Hún skýrði frá því, að ákærði hefði neytt áfengis á samkomusvæðinu á Þjórsárbakka, og kvaðst hún hafa drukkið sjálf nokkra sopa. Ákærði hefði ekið bifreiðinni þaðan og áleiðis að Hellu. Hann hefði ekið fram hjá lögreglunni við Lyngás án þess að sinna stöðvunarmerkinu. Ákærði hafi ekið bifreið sinni hratt, á ca 100 km hraða miðað við klst., er hann ók hraðast, meðan lögreglan veitti þeim eftirför. Lögreglubifreiðin hafi nálgast, og er komið var að Grillskálanum á Hellu, þá hafi ákærði stöðvað bifreiðina og sagt A að taka lykla bifreiðarinnar og fela þá. Ákærði hafi síðan farið út úr bifreiðinni, hlaupið á bak við Grillið og horfið sjónum sínum.

A kvaðst hafa sagt lögreglunni, að hún hefði sjálf ekið bifreiðinni, sem hefði verið ósatt, en með því hefði hún ætlað að hjálpa ákærða, enda væru þau góðir vinir. A kvaðst hafa skýrt frá sannleikanum í málinu.

Ákærði, Bergþór Guðjónsson, kom fyrir sakadóm Rangárvalla-sýslu hinn 22. ágúst 1977 vegna máls þessa. Hann kvaðst þá ekki vilja tjá sig um sakarefnið að svo stöddu og ekki fyrr en hann hefði ráðfært sig við lögfræðing. Ákærði kom að nýju fyrir dóm-inn 9. september 1977. Hann lýsti því þá yfir, að skýrsla sú, sem hann hefði gefið hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík 28. maí 1977, væri ekki sannleikanum samkvæm, og kvaðst hann vilja breyta þeim framburði sínum. Ákærði skýrði síðan svo frá, að tiltekið sinn hefði hann farið á bifreið sinni, L 1708, frá Hellu og á mótssvæðið á Þjórsárbakka. Með sér í bifreiðinni hafi verið bróðir sinn, B, 18 ára, og A, 15 ára. Ákærði kvaðst sjálfur hafa ekið bifreiðinni, og kvaðst hann ekki hafa neytt áfengis, áður en hann kom á mótssvæðið. Þar kvaðst hann hafa drukkið áfengis-blöndu, sem hann var með, en B hefði ekkert drukkið. Ákærði sagði, að bróðir sinn, B, hefði ekið bifreiðinni frá mótssvæðinu og áleiðis að Hellu. Hafi það verið vegna þess, að ákærði hefði neytt áfengis og verið þreyttur vegna mikillar vinnu þennan dag og undanfarandi daga. Ákærði kvaðst hafa lagt sig í aftursæti bifreiðarinnar og sofnað þar, skömmu eftir að lagt var af stað. Ákærði kvaðst hafa vaknað, er bifreiðin var hjá Lyngási, við einhvern hávaða eða orðaskipti og séð, að nokkru fyrir aftan bifreiðina var lögreglumaður með ljóskylfu í hendi að hlaupa inn í bifreið, sem síðan hóf eftirför. Ákærði kvaðst ekki minnst þess að hafa séð, að lögreglan reyndi að stöðva bifreiðina. Ákærði sagði, að engin orðaskipti hefðu átt sér stað á milli sín og B, bróður síns, sem ók bifreiðinni, meðan á eftirförinni stóð. Ákærði sagði, að bifreiðinni L 1708 hefði verið ekið hratt og við Grill-skálann á Hellu hafi B stöðvað bifreiðina og rokið út. Ákærði kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni einnig og hlaupið á eftir B. Ákærði kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni bílstjóramegin, en A hafi setið í framsæti bifreiðarinnar. Ákærði kvaðst aðspurður hafa hlaupið á eftir B í einhverju fátí eða vitleysu. Hann kvaðst hafa séð B hlaupa á bak við „Grillið“, en kvaðst svo hafa misst sjónar á honum. Ákærði kvaðst hafa hlaupið á bak við hús verk-lýðsfélags Rangæinga og þar yfir bersvæði og þaðan að Freyvangi 20, en þar á tröppunum náði lögreglumaðurinn honum. Aðspurður um það, hvers vegna hann hefði viðurkennt brotið fyrir

rannsóknarlögreglu, kvaðst ákærði hafa sagt það til að sleppa úr haldi, en ákærði kvaðst hafa talið, að hann yrði settur í gæsluvarðhald, ef hann játaði ekki að hafa ekið bifreiðinni. Þá sagði ákærði, að sér hefði liðið illa í fangageymslu lögreglunnar og fundið til innilokunarkenndar, sem ákærði kvaðst hafa fundið til áður sem barn. Aðspurður um ástæðuna fyrir því að hafa ekki skýrt áður frá málavöxtum á framangreindan hátt, sagði ákærði, að hann hefði verið skelkaður og jafnframt hafi hann talið í fyrstu, að e. t. v. mundi hann sleppa við blóðprufu, þar sem hann hefði drukkið lítið áfengi. Þá kvaðst ákærði hafa talið, að hann gæti ekki sloppið eftir að hafa gefið þessa skýrslu hjá rannsóknarlögreglunni og væri hann því bundinn við það.

Hinn 16. september 1977 var tekin lögregluskýrsla af B, bróður ákærða, vegna málsins, og fór skýrslutakan fram á Egilsstöðum. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni L 1708 tiltekið sinn frá mótssvæðinu við Þjórsárbrú og að Hellu. Kvaðst B hafa komið með ákærða og A á mótssvæðið og verið fenginn til að aka bifreiðinni aftur til Hellu, vegna þess að ákærði og A hefðu bæði nýtt áfengis á svæðinu. Á leiðinni hafi ákærði lengst af legið hálfsofandi í aftursæti bifreiðarinnar, en A hafi setið í hægra fram-sæti. B kvaðst hafa séð, þegar lögreglan gaf stöðvunarmerki við Lyngás, á sig hafi komið fát, hann hafi ekki haft ökuskírteini sitt meðferðis og því ekið áfram án þess að sinna stöðvunarmerkjunum. Hann kvaðst hafa orðið þess var, að lögreglan veitti honum eftirför, og því ekið með nokkuð miklum hraða inn í kaup-túnið á Hellu. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni að „Grillinu“ á Hellu og hafa farið þar út úr henni og hlaupið aftur fyrir skálann og falið sig þar fyrir lögreglunni.

Hinn 14. mars 1978 fóru fram í sakadómi Reykjavíkur vitna-leiðslur vegna máls þessa. Vitnið Jón Helgi Birkir Snorrason, lögreglumaður nr. 204 í lögreglunni í Reykjavík, kom þá fyrir dóminn. Kvaðst vitnið muna glögg eftir atvikinu. Vitnið var að gegna skyldustörfum í vegalögreglunni ásamt Þorgrími Guðmundssyni. Þeir voru staddir í lögreglubíl skammt vestan við bæinn Lyngás og voru á vesturleið. Þá kom bifreið á móti með ljósum, og lögreglubifreiðin var stöðvuð, og vitnið fór út og gaf stöðvunarmerki. Bifreiðinni var ekki ekið mjög hratt, en bifreiðarstjóri sinnti ekki stöðvunarmerkjum og ók fram hjá. Lögreglumennirnir hófu þegar eftirför. Vitnið kvaðst hafa þekkt þann mann, sem sat undir stýri. Vitnið er upp alið í Eyjafjallahreppi og þekkir Bergþór Guðjónsson mjög vel í sjón, enda ólust

þeir upp á svipuðum slóðum. Vitnið þekkir einnig B, bróður hans. Vitnið kvaðst öruggt um það, að það hefði verið ákærði Bergþór, en ekki B, sem sat undir stýri. Vitnið kvaðst einnig geta fullyrt, að aðeins hefðu verið tvær manneskjur í bifreiðinni, ákærði og stúlka, sem sat við hlið hans. Við eftirförina sýndi hraðamælir lögreglubifreiðarinnar allt að 120 km hraða miðað við klst., og dró saman með bifreiðunum. Þegar lögreglubifreiðin var við eystri brúarsporðinn á Rangárbrú, nam hin bifreiðin staðar við veitingaskálann á Hellu. Vitnið taldi, að þá hefði verið innan við 100 m á milli bifreiðanna. Vitnið sagði, að aðeins ein hurð hefði verið opnuð, vinstri framhurð bifreiðarinnar, en sú hlið sneri að lögreglumönnum. Vitnið sagði, að ákærði hefði komið þar út og hlaupið í áttina að þorpinu. Þorgrímur ók lögreglubifreiðinni þannig, að vitnið gat þegar hafið eftirför, þegar lögreglubifreiðin var stöðvuð. Vitnið elti ákærða uppi og náði honum síðar. Ákærði nefndi það aldrei við vitnið, að bróðir sinn hefði ekið. Vitnið vann eið að framburði sínum.

Sama dag kom fyrir dóminn vitnið Þorgrímur Guðmundsson, lögreglumaður nr. 83. Vitnið skýrði svo frá, að þeir tveir lögreglumennirnir hefðu verið á lögreglubíl nálægt Þykkvabæjarafleggjara. Þeir voru að kanna ástand ökumanna, sem komu frá Þjótanda. Lögreglubifreiðinni hafi verið ekið þversum út af aðalveginum. Saab bifreið, sem kom úr vesturátt, sinnti ekki stöðvunarkerkjum, sem Jón gaf, en hann hafði farið út úr bifreiðinni. Var þá þegar hafin eftirför, en vitnið ók lögreglubifreiðinni. Strax í upphafi eftirfararinnar hafði Jón orð á því, að ökumaður Saab bifreiðarinnar hétí Bergþór og væri sveitungi sinn. Þegar Saab bifreiðin ók fram hjá lögreglubifreiðinni, sá vitnið, að tvær manneskjur voru í bifreiðinni, ökumaður og stúlka við hlið hans. Tekið var að rökkva, en vitnið kvaðst hafa séð greinilega inn í bifreiðina. Vitnið taldi, að lögreglubifreiðin hafi rétt verið komin yfir brúna á Rangá, þegar Saab bifreiðin var stöðvuð við veitingaskálann á Hellu. Vitnið taldi, að þá hefðu verið um 50—60 m á milli bifreiðanna. Sá, sem sat undir stýri Saab bifreiðarinnar, fór út úr henni bílstjóramegin og lagði á flóttu. Vitnið stöðvaði lögreglubifreiðina við Saab bifreiðina, en Jón fór þegar að veita ökumanni hennar eftirför. Vitnið gekk að bifreiðinni. Í bifreiðinni var ung stúlka við hliðina á bílstjórasetinu, aðeins ein hurð var opin, þ. e. bílstjóramegin, og bílstjórasetið var í eðlilegum stellingum, þ. e. var ekki lagt fram. Stúlkan sagði vitninu, að hún hefði sjálf ekið. Vitnið taldi alger-

lega útilokað, að fleiri en ein manneskja hefðu hlaupið úr Saab bifreiðinni, eftir að hún var stöðvuð, enda missti vitnið aldrei sjónar á bifreiðinni, frá því að hún var stöðvuð og þar til að vitnið kom að henni. Vitnið kvaðst ekki muna, hvort það fann kveikjúláslykla bifreiðarinnar, en minnti, að þeir hefðu ekki fundist í bifreiðinni. Vitnið vann eið að þessum framburði sínum.

Vitnið Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir sakadóm Reykjavíkur hinn 15. mars 1978. Vitnið var sérstaklega spurt um þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði verið beittur ólöglegum þvingunum við yfirheyrslu hjá vitninu. Vitnið minnti, að skýrslutaka yfir ákærða og stúlkunni hefði gengið nokkuð greiðlega. Vitnið neitaði því, að ákærða hafi verið hótad með gæsluvarðhaldi, ef hann játaði ekki. Hins vegar kunni vel að vera, að ákærða hafi verið sagt, að honum yrði ekki sleppt, fyrir en búið væri að yfirheyra önnur vitni.

A kom fyrir sakadóm Rangárvallasýslu hinn 8. júní 1978. Greindi hún þá frá málsatvikum á sama hátt og ákærði hafði áður gert fyrir dómi og lýsti því yfir, að B hefði ekið bifreiðinni, en ekki ákærði. A sagði, að skýrsla sú, sem hún gaf hjá rannsóknarlögreglunni í Reykjavík, hafi verið ósönn. A skýrði svo frá, að ákærði hefði ekið bifreiðinni fyrst á mótsstaðinn, en B hafi ekið þaðan og að Hellu. Hún kvaðst hafa séð, að bifreiðinni var gefið stöðvunarmerki á Lyngási af lögreglu. Ökumaðurinn, B, hafði þá dregið úr ferð bifreiðarinnar og vikið frá lögreglumanninum, sem var þarna á veginum, en síðan hafi hann haldið akstrinum áfram og aukið ferð bifreiðarinnar. Hún giskaði á, að bifreiðinni hafi verið ekið á um 100 km hraða. Hún kvaðst ekk hafa rætt við ákærða, sem var í aftursæti bifreiðarinnar, meðan á þessum hraðakstri stóð. Strax og bifreiðin nam staðar fyrir utan Grillskálann á Hellu, hafi þeir báðir, B og ákærði, stokkið út úr bifreiðinni, fyrst B úr ökumannssætinu, en síðan ákærði úr aftursætinu. Hún kvaðst ekki hafa veitt því athygli, hvert bræðurnir hlupu. Hún kvaðst hafa lagt aftur bakið á ökumannssætinu, sem lagt hafi verið fram, um leið og ákærði fór út úr bifreiðinni. Hélt A fast við þennan framburð sinn. Kvað hún ákærða ekki á neinn hátt hafa haft áhrif á afsiðdu sína í máli þessu eða framburð sinn fyrir dómi. Sagði hún þau ákærða hafa verið saman á þeim tíma, er tilvik þetta gerðist, en slitnað hefði upp úr vinskapi þeirra og hafi þau nú engin samskipti.

B kom fyrir sakadóm Suður-Múlasýslu hinn 7. september 1978

vegna máls þessa. Skýrði hann frá málavöxtum á sömu lund og áður. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni L 1708 umrætt sinn. Tveir farþegar hefðu verið í bifreiðinni, ákærði, bróðir hans, er sat í aftursæti, og A, er sat í hægri framsæti. Þau hafi verið að koma frá mótssvæði við Þjórsá. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni að beiðni ákærða, vegna þess að hann hafði neytt áfengis. Hann kvaðst hafa ekið bifreiðinni fram hjá lögreglunni við Lyngás og án þess að sinna stöðvunarmerkjum og síðan áfram að Hellu að Grillskálanum, stöðvað bifreiðina þar, stökkið út úr bifreiðinni og hlaupið aftur fyrir skálann og falið sig í skoti, þar sem ruslatunnur eru geymdar. Hann kvaðst hafa verið töluvert lengi í felustað sínum og ekki hafa farið þaðan fyrr en hann varð þess áskynja, að lögreglubíllinn var farinn.

Samkvæmt vottorði héraðslæknisins á Hellu var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar 28. maí 1977, kl. 0310. Niðurstaða alkóhólrannsóknar, dags. 31. maí 1977, sýnir, að magn alkóhóls í blóði ákærða var 0.82‰.

Niðurstaða.

Ákærði hefur haldið uppi vörnum í málinu og krafist sýknu af kröfum ákæruvaldsins.

Ákærði viðurkenndi í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði ekið bifreiðinni L 1708 greint sinn. Stúlkan A, vin kona ákærða, sem var farþegi í bifreið ákærða, sagði í fyrstu, að ákærði hefði verið ökumaðurinn. Ákærði breytti framburði sínum fyrir dómi og kvaðst ekki hafa ekið bifreiðinni, en ökumaður hefði verið bróðir sinn, B. Fyrir dómi hefur bróðir ákærða, B, lýst því yfir, að hann hafi verið ökumaður bifreiðarinnar L 1703 tiltekið sinn, og hefur stúlkan A einnig haldið hinu sama fram. Framburður þeirra tveggja verður þó eigi talinn hafa sönnunargildi í máli þessu, þar sem um náin skyldleika og tengsl er að ræða milli þeirra og ákærða.

Þegar málið er þannig metið til sakarniðurstöðu og í ljósi þess, að nokkrir mánuðir líða, uns ákærði breytti fyrri framburði sínum, svo og með tilliti til staðfesta framburða lögreglumannanna Jóns Snorrasonar og Þorgríms Guðmundssonar fyrir dómi, niðurstöðu alkóhólrannsóknar og annarra gagna málsins verður að telja sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar er réttilega færð til refsíákvæða.

Svo sem rakið er hér að framan, gekkst ákærði undir dómssátt

fyrir sakadómi Rangárvallasýslu hinn 30. júlí 1976 og skyldi hlíta 20.000 kr. sekt og 6 mánaða sviptingu ökuleyfis fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum. Dómssáttin hefur ítrekunaráhrif á brot það, sem um er fjallað í þessu máli, og ber að ákveða refsingu og önnur viðurlög með hliðsjón af því. Refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 33. gr. áfengislaga verður ákveðin kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs, en til vara komi 15 daga varðhald, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi sínu ævilangt frá 31. júlí 1977, en frá þeim degi að telja var ákærði sviptur ökuréttindum til bráðabirgða. Fellur sú bráðabirgðaökuleyfissvipting jafnframt úr gildi.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000.

Dómsorð:

Ákærði, Bergþór Guðjónsson, skal greiða kr. 120.000 í sekt til ríkissjóðs, en sæti til vara 15 daga varðhaldi, ef sektin verður eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi sínu ævilangt frá 31. júlí 1977 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns E. Ragnarssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
